

Kennsluáætlun í heimilisfræði skólaárið 2020-2021

1. - 4. bekkur

Kennari: Erla Sigrún Einarsdóttir

Samfélagsfræðikennsla í 1.-4. bekk í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá á fyrsta stigi. Hæfniviðmið heimilisfræði er skipt í fjóra flokka: **Matur og lífshættir**, **matur og vinnubrögð**, **matur og umhverfi** og að lokum **matur og menning**. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

Kennsluáðferðir:

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera heimilisfræði að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nemendur fá tækifæri til samvinnu, samræðu, að segja frá og er lögð áhersla á orðaforðavinnu.

Námsmat: Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

Matur og lífshættir

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Tjáð sig á einfaldan háttum heilbrigða lífshætti.
- Valið hollanmaat og útskýrt áhrifhans á íkama og líðan.
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- Tjáð sig um helstu kostnaðarlið við matargerð og heimilishald almennt.

Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Hlustað og horft á fréttir eða annað sjónvarpsefni og unnið úr þeim upplýsingum.

Matur og vinnubrögð

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.
- Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.
- Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.
- Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess.

Leiðir að markmiðum

- Nemendur vinna verkefni þar sem þeir segja elda holla og góða máltíð með hráefni úr heimabyggð.
- Þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga og finna uppskriftir og hráefni í nærumhverfinu.

Matur og umhverfi

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi til sjálfbærni.
- Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Leiðir að markmiðum

- Umræður um það hvað nærumhverfið okkar hefur upp á að bjóða.
- Umbúðir skoðaðar með tilliti til umbúðamerkinga og tilgang þeirra.

Matur og menning

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

Leiðir að markmiðum - Umræður um almenna borðsiði, hátíðir og hátíða/þjóðlegan mat.